

Námsáætlun fyrir náttúrugreinar - 1. bekkur

skólaárið 2025 - 2026



Kennarar: Karen Ingimundardóttir og Ingibjörg L Hólmarsdóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Vinnulag náttúruvísinda	- Les/hlustar á einfaldan náttúruvísindatexta og endursegir helstu atriði með eigin orðum, skoðar einfaldar myndir og segir frá efninu. - Framkvæmir einfaldar athuganir og skráir mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum. - Notar einföld hugtök í náttúruvísinum við athuganir í umræðu.	- Umræður og vettvangsferðir um nánasta umhverfi. - Nemendur skrá upplýsingar um eitthvað viðfangsefni og segja svo frá því. Þannig læra þau líka að hlusta á aðra og ræða hugmyndir þeirra. - Nemendur vinna með árstíðirnar og fylgjast með breytingum á náttúrunni á milli þeirra	
Umhverfið	- Skoðar og kannar helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu. - Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda. - Segir frá og áttar sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu.	Umræður og vettvangsferðir um nánasta umhverfi	

	Gengur vel um umhverfi og áttar sig á mikilvægi þess.		
Lífið	- Segir frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. - Gerir sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum. - Lýsir helstu einkennum valinna dýra. - Tjáir sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og ber virðingu fyrir þeim. - Ræðir mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns. - Lýsir byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt.	Umræður og verkefnavinna.	
Efni	- Þekkir og flokkar algeng efni og lýsir helstu einkennum þeirra. - Framkvæmir og útskýrir einfaldar tilraunir um efnabreytingar og hamskipti. - Getur með athugun sýnt fram á að efni geta skipt um form og breyst en hverfa ekki.	- Umræður og verkefnavinna - Tilraunir - Nemendur skrá upplýsingar um eitthvað viðfangsefni og segja svo frá því. Þannig læra þau líka að hlusta á aðra og ræða hugmyndir þeirra.	

Orkan	• Hefur kannað eiginleika segla. • Útskýrir munin á heitu og köldu með einföldum tilraunum. • Skoðar hljóð og ljós og lýsir einföldum eiginleikum þeirra.	• Umræður og verkefnavinna • Tilraunir	
Alheimurinn	• Gerir sér grein fyrir ástæðum dægraskipta. • Bendir á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn. • Nefnir dæmi hvernig land verður til og mótast. • Nefnir dæmir um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.	• Umræður og verkefnavinna	
Námsefni: Komdu og skoðaðu umhverfið Komdu og skoðaðu líkamann Húsdýrin - flettibók Myndir Myndbönd Verkefnablöð Vettvangsferðir			

Tilraunir
Athuganir

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með átta lituðum bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.